Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Helgi Elíasson

Bjarni Benediktsson – Helgi Elíasson

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmálamaðurinn
Askja 2-8, Örk 3

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Rvík, 24/1-41

Prívat

Hr. borgarstjóri!

Við sorphreinsun bæjarins hefur í nokkur ár unnið maður, Egill Þorsteinsson að nafni. Hann er ættaður frá Þórshöfn, bróðursonur Halldóru Arnljótsdóttur frá Sauðanesi, nú á Skólavörðustíg 13 hér í bæ. Egill á heima á Ásvallagötu 25.

Egill var í varalögreglunni meðan hún starfaði. Hann sótti um lögregluþjónsstöðu, en fékk ekki frekar en ~~flestir~~ ýmsir aðrir vara-lögreglumenn. Egill er samvisku-samur og reglumaður í hvívetna, enda hafði hann fyrir allmörgum árum þann sjúkdóm, sem ekki hvað

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sízt læknast með reglusemi – þ.e. lungnaberkla.

Halldóra (tengdamóðir mín) sagði mér nýlega, að Egill hafi verið hjá sér og sagt sér m.a. að enda þótt hann væri ánægður með það að hafa fasta vinnu við sorp=hreinsunina, þá væri hann oft að hugsa um hvernig hann ætti að fara að því að komast í hægari vinnu. Pétur sál. Halldórsson hafði verið búinn að lofa Agli því að þegar færi gæfist skyldi hann koma honum í hægari vinnu; en siglingar. annríki og veikindi fyrrv. borgarstjóra hömluðu frekari fram=kvæmdum. Egill, sem er frekar ófram=færinn, segist ekki geta fengið

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sig til þess að koma til yðar og ræða
um þetta loforð P. H., þar sem hann
hefði engin gögn í höndunum,
sem sýndu að hann færi með
rétt mál.

Vegna þess, sem nú hefur
verið greint, þá datt mér í hug
að láta yður vita um þetta, ef vera
kynni, að þér sæuð yður fært að
liðsinna Agli með léttara starf
en hann hefur nú, t. d. innheimtu.
Egill veit ekkert um þessa afskifta-
semi mína af hans högum og bið
ég yður þess, að láta mig að engu
getið við hann. Þetta er háttprúður
og góður fjölskyldufaðir, sem á vel
skilið að komast að rann um,
að orðum. "Vertu trúr yfir litlu, þá skaltu

setter yfir meira" eru ekki orðin tóm.
Ég bið yður velvirðingar á þessu
hvabbi. Nóg mun vera af slíku og
e.t.v. fullmikið.
Í því trausti, að yður gefist
fljótlega færi á því að „forframa"
Egil Þorsteinsson kveður yður
virðingarfyllst
Helgi Elíasson
(Leifsg. 14)

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur